

Reglur fyrir vinnupróf





Efnisyfirlit:

1. Inngangur.síða 3
2. Framkvæmd WTsíða 3
3. Síðareglursíða 3
4. Réttur til þátttökusíða 3
5. Dómursíða 4
6. Hagnýt atriðið við dómsíða 4
7. Flokkar og verðlaunsíða 4
8. Ábyrgðaraðili vinnuþrófssíða 5
9. Leiðbeiningar fyrir dómara og prófstjóra.....síða 5
10. Leiðbeiningar fyrir dómara fyrir stigaskor.....síða 6
11. Leiðbeiningar fyrir prófstjóra.....síða 6
12. Reglur til að ná titlisíða 6
13. Kvartanir og mótmæli.....síða 6
14. Almennar reglursíða 7
15. Vinnuþróf WT, ráð og tillögur að skipulagi ..síða 8

Samþykkt af HRFÍ gildir frá og með 1.janúar 2017

Reglur fyrir vinnupróf hjá Retrieverdeild HRFÍ

1. Inngangur

- a) Vinnupróf (Working Test, WT), eru haldin til að meta vinnueiginleika retrieverhunda, án þess að bráð sé felld.
- b) Retrieverhundur er ómissandi hjálp fyrir veiðimann á veiðum. Markmið WT er að finna hæfasta hundinn, með ríkustu eiginleikana sem veiðihundur, gott geðslag, góður í að staðsetja bráð, notar nef vel og sýnir mikinn vinnuvilja og meðhöndlar bráð vel. Stjórnun er aðeins metin sem nauðsynlegt tæki til að halda hundi við hæl, sjá til að hundur sé rólegur á ráspunkti og við stýringar að bráð sem hundur hefur ekki séð falla.

2. Framkvæmd á WT

- a) Einn eða fleiri einstaklingar með reynslu af því að stjórna hundum á veiðum skipuleggja prófið og sjá um framkvæmd. Miðað skal við, eins og frekast er unnt, að uppsetning sé sem líkust fyrir alla hunda. Heppni og tilviljanir hafi eins lítið vægi og frekast er mögulegt.
- b) Aðstæður eiga að vera sem líkastar veiði og mögulegt er. Verkefnið eiga að vera þannig að eiginleikar góðs veiðihunds komi vel fram, en ekki þannig að það hindri hunda í að sýna náttúrulega eiginleika sína í vinnu. Það er mjög mikilvægt að skyttur og aðstoðarfólk hafi þetta í huga.
- c) Við uppsetningu sóknarverkefna mega „dummy“ ekki liggja of þétt.
- d) Hafa skal í huga við val á prófstað og uppsetningu að umhverfi sé þannig að hundar séu ekki í óþarfa hættu á að skaða sig.

3. Siðareglur

- a) Ákvörðun dómara er endanleg. Þátttakendur mega ekki draga í efa ákvörðun dómara, gagnrýna dómara eða gestgjafann, svæðið, prófstjóra eða aðstoðarfólk.
- b) Prófstjóri og dómara hafa vald til að vísa þátttakendum frá prófi, hafi þeir brotið gegn þessum reglum og brotið alvarlegt. Skila skal skýrslu um málið innan viku til Retrieverdeildar HRFÍ.
- c) Prófskipuleggjendur geta sett takmörk á fjölda þátttakenda, það þarf að kynna fjölda þegar opnað er fyrir skráningu í próf. Ef of margir skrá sig skal annaðhvort tími skráningar ráða röð eða hlutkesti ef hann er ekki ljós.
- d) Allir dómara þurfa að hafa reynslu af veiðum með hundum. Til að dæma WT á Íslandi þarf að hafa réttindi til að dæma B-veiðipróf fyrir sækjandi hunda eða réttindi sem WT dómari. Erlendir dómara þurfa samsvarandi réttindi með FCI heimild.
- e) Þátttakendur skulu fylgja leiðbeiningum dómarans. Dómara er heimilt að vísa þátttakanda úr prófi ef hann fer sannanlega ekki að tilmælum dómara eða hefur með hegðun sinni áhrif á hunda annarra þátttakenda.
- f) Tíkur á lóðaríi mega ekki taka þátt í prófi og ekki vera á prófsvæðinu.
- g) Tíkur sem eiga hvolpa yngri en 8 vikna mega ekki taka þátt í prófi, né tíkur sem eiga eftir 30 daga eða minna í got.
- h) Harkaleg meðferð og siðun á hundum er bönnuð. Þetta á við á öllu prófsvæðinu hvort sem er í prófi, fyrir eða eftir próf. Brot munu leiða til brottvísunar. Skýrsla skal send til Retrieverdeildar HRFÍ eða til prófstjóra innan viku frá prófinu þar sem brotið átti sér stað.

4. Réttur til þátttöku

- a) Eigendur og stjórnendur hunda skulu vera meðlimir í HRFÍ eða erlendum samtökum samþykktum af FCI og mega ekki vera aðilar að hundasamtökum sem eru ekki viðurkennd af HRFÍ.
- b) Aðeins Retrieverhundar sem ættbókarfærðir eru hjá HRFÍ, eða öðru félagi innan FCI hafa rétt til þátttöku
- c) Hvorki dómara né heimilsfólk þeirra mega eiga eða stjórna hundi sem er í prófi í þeim flokki sem þeir starfa við. Hafi dómari eða heimilsfólk þeirra átt, haldið eða þjálfað hund persónulega, má þessi hundur ekki taka þátt í flokki sem viðkomandi er starfandi við fyrr en að 6 mánuðum liðnum.

5. Dómur

- a) Þegar hundur mætir í prófið skal hann vera í taumi. Dómarinn fer yfir framkvæmd prófsins og til hvers er ætlast af hundinum. Stjórnandi má ekki hafa á sér nein stjórn tæki önnur en flautur (taumur skal fara

í vasa). Það er á ábyrgð dómara að áhorfendur séu í hæfilegri fjarlægð til að hafa ekki áhrif á framgang prófs.

- b) Í viðleitni sinni til að allar aðstæður séu hundunum hagstæðar skal dómari sjá til þess að hundarnir geti sem best sýnt kosti sína. Við mat skal leggja áherslu á að stjórnun hundanna sé í lágmarki og hundarnir sýni náttúrulegt veiðieðli og hæfileika.
- c) Í öllum sóknum er lagt mat á góða getu hunds til að staðsetja (markeringu), dummy sé tekið óhikað og sé skilað ákveðið til stjórnanda. Í sókn er ein hagræðing bráðar í munni ekki ástæða til athugasemda. Hundur sem fer ákveðið í markeringu og sýnir góða staðsetningareiginleika skorar hærra en hundur sem þarf stýringu í dummy.
- d) Mistök sem kalla á brottvísun eða gefa „0“ á stöð valda því að viðkomandi hundur getur ekki náð prófinu.
- e) Dómarar geta valið að veita ekki verðlaun né raða hundum í sæti ef gæði hunda eru ekki næg.
- f) Hundarnir fá skor fyrir hvert verkefni.

6. Hagnýt atriði við dóm

- a) Fyrir próf skal prófstjóri sjá til þess að réttur hundur og stjórnandi séu klárir að byrja.
- b) Hundur skal vera rólegur við skot og sækja við skipun. Ennfremur eiga allir hundar, ef það er mögulegt, að vera prófaðir í staðsetningum, ró á stöð, „walk up“ (upprekstur) og í vatnavinnu. Hundarnir eiga að geta gengið við hæl taumlausir.
- c) Eingöngu eru notuð stöðluð striga dummy (400-600 gr.) – helst græn eða appelsínugul. Undantekningar: Dummy frá dummylauncher eða við sérstakar aðstæður þar sem litur hefur ekki þýðingu eða t.d. svart/hvítt getur haft jákvæð áhrif á verkefnið.
- d) Þegar dummy er kastað og skoti hleypt af, skal skotið alltaf vera áður eða í tengslum við að dummy er kastað, til að hundurinn hafi bestu möguleika á að tengja skot og dummy. Skyttan á ekki að vera lengra frá kastara en 35 metra. Í stýringum er ekki nauðsynlegt að hleypa af skoti. Í stað haglabyssu með hvellettu er hægt að nota startbyssu, ekki eru notuð hefðbundin skot.
- e) Hvert WT skal vera með minnst 5 stöðvum
- f) Fjarlægð hvernar sóknar skal vera í samræmi við getustig hvers flokks, en ekki skal hafa sókn lengri en 150 m.
- g) **Kostir sem hafa jákvæð áhrif á sætaröðun og úthlutun stiga:**
 - Gott vald á hundinum,
 - dummy skilað ákveðið til stjórnanda og góð afhending,
 - vinnuvilji,
 - góður staðsetningareiginleiki og veiðihæfni,
 - sýnir gott þefskin,
 - hljóðlát og yfirveguð stjórn,
 - ákveðin upptaka á dummy,
 - stíll og hraði.
- h) **Atriði sem hafa neikvæð áhrif á sætaröðun og úthlutun stiga:**
 - Slæmt vald á hundinum,
 - óþörf truflun á prófsvæði,
 - slæm hælginga,
 - slæmur staðsetningareiginleiki, þegar hundur þarf ítrekað aðstoð stjórnanda til að finna dummy,
 - ófulkominn staðsetningareiginleiki þegar stjórnandi þarf ítrekað að hjálpa hundi með bendingum á meðan bráð fellur,
 - ósjálfstæð vinna hunds, þegar hundur er háður stjórnanda,
 - órólegur á stöð, hundur krefst stöðugt athygli stjórnanda,
 - hávaðasöm höndlun hunds,
 - losaraleg meðferð bráðar, t.d. sleppir dummy í sókn,
 - skortur á vinnuvilja,
 - skortur á frumkvæði,
 - ragur í vatn.
- i) **Villur sem þýða að hundur fær 0 á stöð:**
 - Eltir lifandi bráð,
 - leitar með dummy í kjafti,

- skiptir um dummy í vinnu,
- neitar að fara í vatn,
- tekur ekki upp dummy,
- skothræddur,
- stjórnlaus, hlustar ekki á stjórnanda,
- skotræsing (break), ef hundur fer í vinnu án leyfis einhverntíman í prófinu,
- væl,
- gelt,
- slæm skil á bráð, t.d. sleppir dummy oft í verkefninu (skilar ekki í hendi).

Ef hundur gerir einhverja af þessum villum fær hann 0 á þeirri stöð. Ef hundur leysir ekki verkefni stöðvarinnar (fær 0 á einni eða fleiri stöð) fær hann 0 á prófinu. Hundur/stjórnandi getur samt fengið að klára það sem eftir er af prófinu.

j) **Atriði sem kalla á brottvísun úr prófi:**

- Árásargirni,
- bítur of fast í dummy (hardmouth),
- líkamleg ögun á hundi í prófi.

Ef stjórnandi og/eða hundur verða uppvísir af einhverjum þessara atriða er þeim vísað frá prófi.

7. Flokkar og verðlaun

Byrjendaflokkur (BFL), lágmarksaldur: 9 mánuðir og miðast við fæðingardag hunds og að hundur hafi ekki tekið þátt í OFL eða ÚFL B-veiðiprófi eða WT.

Á prófi eru þeir 5 hundar sem fá flest stig, hafa fengið stig á öllum stöðvum og náð að lágmarki 50% af mögulegum stigum raðað í verðlaunasæti eftir fjölda stiga. Sætin heita: 1. WT-bfl. 2. WT-bfl. o.s.frv. Við niðurröðun er það kostur að hafa verið hæstur á stöð.

Ef hundar eru jafnir má efna til bráðabana til að raða niður í sæti.

Hundar eru dæmdir einir í BFL.

Ef þátttakendur eru fleiri en 20 bætist 1 hundur við í sætaröðun fyrir hverja 5 auka, þannig að 21 hundur gefur 6 í röðun og 26 hundar gefa 7 í röðun.

Opinn flokkur (OFL), sömu kröfur og fyrir OFL-B í veiðiprófi eða fengið verðlaun tvisvar í WT-bfl.

Á prófi eru þeir 5 hundar sem fá flest stig, hafa fengið stig á öllum stöðvum og náð að lágmarki 60% af mögulegum stigum raðað í verðlaunasæti eftir fjölda stiga. Sætin heita: 1. WT-ofl, 2. WT-ofl o.s.frv. Við niðurröðun er það kostur að hafa verið hæstur á stöð.

Ef hundar eru jafnir má efna til bráðabana til að raða niður í sæti.

Í OFL er mögulegt að hundur verði dæmdur með öðrum hundi á stöð til að meta m. a.: ró á pósti, „walk up“ (upprekstur) leit eða eitthvað af þessu saman.

Ef þátttakendur eru fleiri en 20 bætist 1 hundur við í röðun fyrir hverja 5 auka, þannig að 21 hundur gefur 6 í röðun og 26 hundar gefa 7 í röðun.

Úrvalsflokkur (ÚFL), sömu kröfur og fyrir ÚFL-Bí veiðiprófi eða fengið verðlaun tvisvar í WT-ofl.

Á prófi eru þeir 5 hundar sem fá flest stig, hafa fengið stig á öllum stöðvum og náð að lágmarki 60% af mögulegum stigum raðað í verðlaunasæti eftir fjölda stiga. Sætin heita: 1. WT-úfl, 2. WT-úfl o.s.frv. Við niðurröðun er það kostur að hafa verið hæstur á stöð.

Ef hundar eru jafnir má efna til bráðabana til að raða niður í sæti.

Í ÚFL er mögulegt að hundur verði dæmdur með öðrum hundi á stöð til að meta m.a.: ró á pósti, „walk up“ (upprekstur) leit eða eitthvað af þessu saman. Þar að auki er hægt að setja upp veiðiaðstæður (t.d. upprekstur), þar sem fleiri hundar eru prófaðir í mismunandi atriðum á sama tíma.

Ef þátttakendur eru fleiri en 20 bætist 1 hundur við í röðun fyrir hverja 5 auka, þannig að 21 hundur gefur 6 í röðun og 26 hundar gefa 7 í röðun.

8. Ábyrgðaraðili vinnuþrófs

Vinnuþróf er skipulagt og stjórnað af Retrieverdeild HRFÍ og veiðinefnd deildarinnar með leyfi frá stjórn HRFÍ. Gjaldtaka er ákveðin í samráði við stjórn HRFÍ og samkvæmt verðskrá á heimasíðu HRFÍ og Retrieverdeildar. Í 4. kafla kemur fram hvaða hundar hafa rétt til þátttöku.

9. Leiðbeiningar fyrir dómara og prófstjóra

Dómarar og prófstjóri bera ábyrgð á því að prófsvæði henti vel og sé sem líkast veiðiaðstæðum, jafnframt að svæðið henti hverjum flokki.

Í BFL skal hundur metinn af náttúrlegum og meðfæddum eiginleikum og hæfileikum sem veiðihundur.

Í OFL skal tekið mið af þjálfun hunds sem veiðhunds við mat á árangri. Í þessum flokki skal horft til sambands stjórnanda og hunds í samræmi við meðfædda eiginleika hundsins.

Í ÚFL eru kröfurnar töluvert strangari en í OFL. Í þessum flokki er lagt mat á hvort hundar séu full þjálfðir sem veiðihundar og að þeir séu stigi ofar en OFL hundar.

Í öllum flokkum ættu að vera verkefni sem hægt að heimfæra uppá veiði. Staðsetning skyttu er mjög mikilvæg, Hundurinn þarf að njóta bestu aðstæðna til að sjá skotið og síðan vinna vinnuna. Það er mælst til að hafa verkefnið ekki of flókin til að dómari hafi góða yfirsýn yfir vinnu hundsins.

Þegar fleiri en einn hundur er prófaður í OFL og ÚFL er mælst til að fleiri dómara komi að dómi.

Mælst er til að alla vega ein stöð innihaldi vatnavinnu ef landið býður uppá það.

10. Leiðbeiningar fyrir dómara fyrir stigaskor.

Það eru gefin stig frá 0-20 á hverjum pósti.

Ef um brottvísunarbrot er að ræða skal þátttakandi stoppaður. Ef þátttakandi fær 0 stig á stöð stenst hann ekki próf en má halda áfram þátttöku í prófinu óski hann þess.

Hundur þarf að leysa allt verkefnið til að fá 1-20 stig.

Ef hundur t.d. tekur ekki upp dummy, fær hann ekki stig og því ekki WT verðlaun.

Mistök eru vegin af dómara og við það mat er miðað við hvaða áhrif mistökin hafa á veiðar, t.d. er munur á hundi sem er svo óstöðugur á hæl að hann sér ekki markeringu og hundi sem ekki sér markeringu en tekur vel stýringu í markeringu.

0 stig - brottvísun, sjá lista/verkefnið er ekki leyst.

1-10 stig - mjög órugg vinna þar sem hundurinn á í vandræðum með að leysa verkefnið og vinnan einkennist af mörgum og ólíkum göllum.

11-15 stig - góð vinna þar sem hundurinn leysir verkefnið, smávægilegir gallar samþykktir.

16-20 stig - sannfærandi frammistað þar sem hundur og stjórnandi vinna vel saman. Verkefnið er leyst þannig að það virkar einfalt. Árangur endurspeglar hæfileika hundsins og hann gerir ekki mistök í vinnu.

Það er mælt með því að dómara skrifi minnispunkta hjá sér.

Ef stig eru jöfn er þeim sem sem hefur verið stighæstur á stöð raðað fyrst.

11. Leiðbeiningar fyrir prófstjóra.

Það er á ábyrgð prófstjóra að listi yfir stigaskor sé rétt útfylltur og rétt sé lagt saman og staðfest. Munið eftir að fylla út stig á 1. WT vinningshafa á verðlaunalistann og á setja stigin á viðurkenningarskjalið.

Vinnupróf á að innihalda að lágmarki 5 stöðvar og framkvæmd er á ábyrgð prófstjóra. Ef dómari á að fylla út skýrslur þarf að reikna með tíma í það í skipulagi eða leggja til aðstoðarmann.

Það er heimilt að fleiri en einn flokkur noti sömu stöð. Það þarf að taka tillit til þess að í einhverjum tilfellum gæti stjórnandi verið með fleiri en einn hund í sama prófi.

12. Reglur til að ná titli

Það er hægt að vinna íslenskan WT retriever meistartitil.

ISWtCh, getur retriever hundur fengið sem hefur fengið 3 sinnum 1. WT-úfl með minnst 70% af mögulegum stigum í hverju prófi. Það er jafnframt skilyrði að 3 hundar hafi tekið þátt í flokknum ef 1. WT á að telja til meistara.

Að auki þarf hundur að hafa náð „good“ á sýningu sem er samþykkt af HRFÍ eftir 24 mánaða aldur í OFL eða VHFL.

13. Kvartanir og mótmæli

Kvörtunum eða mótmælum um fyrirkomulag WT eða ákvarðanir dómara skal beint til prófstjóra og skal leita niðurstöðu á prófdegi.

Ef ekki tekst að leysa úr umkvörtunarefnum á staðnum milli aðila er hægt að senda inn skriflega kæru innan viku frá prófi til Retrieverdeildar HRFÍ. Við vinnslu á kæru, skal sá sem kvartað er undan fá tækifæri til að tjá sig skriflega áður en endanlega ákvörðun er tekin.

14. Almennar reglur

Ef skráður hundur fer af prófstað meðan próf er í gangi, óeðlileg gagnrýni er á dóm, niðurlægjandi umfjöllun um dómara og vinnu hans, fjandsamlegur tónn og/eða annað ofbeldi, getur það leitt til vanhæfi til að taka prófið og valdið brottvísun frá prófstað. Atvikin eru tekin til afgreiðslu á prófdegi af prófstjóra eða dómrum, atvikið skal tilkynnt til stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ sem tilkynnir svo málið til siðanefndar HRFÍ þar sem nánari afgreiðsla er ákveðin í samræmi við siðareglur HRFÍ. Það er ekki heldur heimilt að á opinberum vefsíðum á internetinu eða í fjölmiðlum að tjá sig meiðandi um dómara eða gagnrýna mat hans opinskátt.

Vinnupróf WT, ráð og tillögur að skipulagi

Inngangur

WT er haldið til að gefa góða mynd af sæki eiginleikum þeirra hunda sem taka þátt.

Retriever er ómissandi hjálp fyrir veiðimann á veiðum. Markmiðið er að finna einstaklinginn sem hefur bestu veiðieiginleikana, hefur gott skap og góða staðsetningareiginleika, sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnu og fer vel með bráð.

Stjórnun á hundinum er metin sem nauðsynlegt innlegg þar sem við á til að styðja hundinn í vinnu, t.d.: hundurinn gangi laus á hæl, sýni ró á pósti. Við æfingar þar sem hundurinn gat ekki staðsett bráð (markerað), þarf hann að sýna að hann virði stjórnanda og fylgi hans skipunum til að ná árangri í vinnu.

Hagnýtt við skipulag

- ❖ Einn eða fleiri með reynslu af því að stjórna hundum á veiðum bera ábyrgð á framkvæmd prófsins.
- ❖ Miðað skal við, eins og frekast er unnt, að uppsetning sé sem líkust fyrir alla hunda. Heppni og tilviljanir hafi eins lítið vægi og frekast er mögulegt.
- ❖ Aðstæður eiga að vera eins líkar veiði og mögulegt er. Verkefnin eiga að vera þannig að eiginleikar góðs veiðihunds komi vel fram, en ekki þannig að það hindri hunda í að sýna náttúrulega eiginleika sína í vinnu.
- ❖ Það er mjög mikilvægt að skyttur og aðstoðarfólk hafi þetta í huga.
- ❖ Við uppsetningu sóknarverkefna mega „dummy“ ekki liggja of þétt.
- ❖ Hafa skal í huga við val á prófstað og uppsetningu að umhverfi sé þannig að hundar séu ekki í óþarfa hættu á að skaða sig.
- ❖ Það er mikilvægt við skipulag að gera sér grein fyrir hvað hver stöð tekur langan tíma, taka þarf inn í tímann leiðbeiningar og umsagnir til þátttakenda.
- ❖ Gott er ef pósturinn getur á einfaldan og fljótlegan hátt farið á milli flokka, úr BFL í OFL og ÚFL og svo til baka ef þarf.
- ❖ Stefnt skal að því að hafa uppsetningar einfaldar þannig að stjórnandi, dómari og aðstoðarfólk hafi skýrar vinnureglur og komist vel frá verkefninu.
- ❖ Það er mikilvægt að rugla ekki B veiðiprófi við WT, það ættu ekki að vera margar blandaðar æfingar á póstinum. Prófstjóri skal einblína á einfaldar æfingar samanborið við B veiðiprófin. Hafið erfiðleikastigin skarpari frekar en að hafa of flóknar æfingar. Þetta gerir dómaranum líka betri yfirsýn yfir verkefni hundsins, sem sagt „keep it simple!“

Dummy:

Eingöngu eru notuð stöðluð striga dummy (400-600 gr.) – helst græn eða appelsínugul.

Undantekningar: Dummy frá dummylauncher eða við sérstakar aðstæður þar sem litur hefur ekki þýðingu eða t.d. svart/hvítt getur haft jákvæð áhrif á verkefnið.

Skot:

Þegar dummy er kastað og skoti hleypt af, skal skotið alltaf vera áður eða í tengslum við að dummy er kastað, til að hundurinn hafi bestu möguleika á að tengja skot og dummy. Skyttan á ekki að vera lengra frá kastara en 35 metra. Í stýringum eða frjálstri leit er ekki nauðsynlegt að hleypa af skoti. Í stað haglabyssu er hægt að nota startbyssu, ekki eru notuð hefðbundin skot.

Samantekt

WT próf getur verið fyrir alla flokka BFL, OFL og ÚFL. Valkostur er að halda próf fyrir einstaka flokka, t.d. BFL og OFL eða bara ÚFL.

Hefðbundið WT er með 5 póstum, sem geta verið eftirfarandi hátt:
Póstarnir eru settir upp með mismunandi erfiðleikastig eftir flokkum, hefðbundið er að hafa einn dómara á pósti sem dæmir alla hunda sem fara um þann póst án tillits til flokks.
Þátttakendum er deilt upp í grúbbur og þeim raðað á póst óháð flokk. Venjulega byrjar pósturinn á BFL og síðan OFL og ÚFL, erfiðleikastig póstsins er þá aukið í takt við flokkinn.
Einn hópur getur byrjað á pósti 1 og fer svo áfram á póst 2, á sama tíma byrjar annar hópur á pósti 5 og fer næst á 1 og svo frv.

Fjöldi hunda á dómara/póst

Miða skal við að dómari á hverjum pósti geti dæmt alla hundana í WT. Það getur komið fyrir að það séu fleiri hundar en dómari getur dæmt á einum degi.

Reikna skal með að 5 dómara á 5 póstum geti dæmt 75 – 80 hunda í 3 flokkum á einu WT. Ef fleiri hundar eru skráðir þarf að kalla að fleiri dómara.

Það er mikilvægt að halda tímamörk fyrir hvern hund, ef t.d. 90 hundar eru skráðir og allir fara eina mínútu fram yfir lengist prófið um 90 mínútur og það tefur prófslit um einn og hálfan tíma.

Ábendingar og tillögur að æfingum:

Girðing og hindranir: sem hluti af landslaginu eða umhverfinu eru girðingar og aðrar hindranir í ÚFL, náttúrulegar hindranir eru eðlilegar í BFL og OFL.

Hafið í huga að stjórnandi og hundur sjái hindranir og ekki sé um óeðlileg áhrif á prófið að ræða, eins að hundar og stjórnendur séu ekki neyddir í aðstæður sem skapa hættu.

Einföld markering: Lengdin skal vera í takt við landslag og kröfur í flokknum. Fjölbreytt landslag, mismunandi sjónarhorn (vinklar), hár gróður og svo frv. eru áhrifavaldar á erfiðleikastig æfingarinnar. Það er ákjósanlegt að setja póstana þannig upp að yngstu hundarnir hlaupi ekki í gegnum gamla lykt. Það er líka hægt að færa upphafspunkt á póstinum frekar en að láta dummy falla á nýjum stöðum ef lengja á t.d. markeringu.

Walk-up (upprekstur): Það er hægt að bjóða uppá mismunandi útgáfur „walk up“ (upprekstur). Í raun er ímyndunaraflíð einu mörkin. Hér má sjá nokkur dæmi:

Tveir eða fleiri hundar ganga í línu við dómara. Skytta og kastari eru staðsett úti á prófsvæðinu. Hver hundur sækir einfalda markeringu, sem þarf ekki nauðsynlega að vera á sama stað fyrir hvern hund. Fókusinn er á að sóknin sé sem líkust veiðisókn. Í byrjendaflokki geta tveir hundar verið á línu samtímis. Annar hundurinn væri þá að ganga með dómara og verður sendur í markeringuna, hinn hundurinn bíður rólegur á meðan í taumi. Síðan skipta þeir um stað og hundurinn sem á að senda skal vera hægra megin við dómara.

Í opnum flokki ganga báðir hundar á hæl í verkefninu og einn hundur í einu sækir markeringuna.

Fjarlægðin er aukinn samanborið við byrjendaflokk.

Í úrvalsflokki geta fleiri hundar verið á hæl í línu með dómara. Einfaldri markeringu kastað. Fyrsti hundur sendur og síðan koll af kalli í einfalda markeringu.

Það ræðst af fjölda hunda og tímaramma hvort hentar að byggja póstana í ÚFL t.d. upp með því að senda í stýringu út frá markeringu eða önnur afbrigði.

Leit á afmörkuðu svæði: Byrjendaflokkur, þar standa stjórnandi og hundur með dómara, skyttan er við fyrirhugað leitarsvæði og skýtur í áttina að svæðinu sem helst þarf að vera afmarkað á náttúrulegan hátt. Hundurinn er síðan sendur í svæðið og kemur til baka með 2-3 dummy. Í opnum flokki og úrvalsflokki er fjarlægðin aukin en sama svæði getur nýst í alla flokka.

Dummy þurfa ekki nauðsynlega að vera á sama stað fyrir hvern hund. Það mega vera fleiri dummy úti en það sem hundi er ætlað að sækja. Að auki er í lagi að dummy séu þakin grasi eða á annan hátt gerð illsynileg í opnum- og úrvalsflokki.

Ein útgáfa í úrvalsflokki getur verið að dómari gefi upp leitarsvæði, hundurinn sækir eitt dummy þangað, síðan er annað svæði lengra úti og í horni frá fyrra svæði. Mikilvægt er að svæðin liggi ekki of þétt og hornið sé gott, stjórnandi sem er í góðu sambandi við hund ætti að geta sent hundinn með einfaldri skipun og skilmerkilegum stýringum. Hafðu í huga að ef svæðin eru í línu er hundinum eðlislægt að leita í fyrra svæðinu þar sem dummylyktin er, það er einskonar gildra fyrir hundinn, sem er ekki ætlunin. Þetta gæti hins vegar prófað hvort stjórnandi geti flutt hundinn á milli svæða til að leita, þetta getur eingöngu átt við í úrvalsflokki:

Gefið er út eitt leitarsvæði, hundinum er stýrt á svæðið og hann kemur til baka með dummy. Því næst biður dómariinn stjórnanda að sækja annað dummy á sama stað, eftir að hundurinn hefur leitað þar óskar dómariinn eftir að hundurinn verði sendur á annað svæði þar sem er dummy og koma með það heim. Þetta líkir eftir veiði þar sem fugl sáust detta en þegar verið er að sækja seinn uppgötvar veiðimaðurinn að fuglinn hefur særst og er á öðru svæði.

Skyttan gæti skotið tvo „fugla“ og síðan er stórnanði beðinn að sækja þessa „fugla“. Annar er skotinn í hægri stefnu frá skyttu og hinn í vinstri stefnu frá skyttu. Við þessar aðstæður er það stjórnanda að ákveð hvort svæðið hann lætur leita fyrst.

Áreiti / ró á pósti: Setja þarf upp áreiti fyrir hundana.

Í byrjendaflokki gætu skytta og kastari (má vera sami aðillinn) gengið út á svæðið og kastað einfaldri markeringu, hundurinn sækir hana síðan. Það gætu verið tveir hundar á línu en annar í taumi á meðan hann biður.

Í opnumflokki gætu tveir hundar setið saman á pósti það væri hægt að skjóta oftar til að líkja eftir veiði upplifun, síðan er kastað einfaldri markeringu fyrir báða hundana.

Í úrvalsflokki gætu fleiri hundar verið á pósti. Hægt er að kasta og skjóta oftar, síðan væru hundarnir sendir að sækja frá ákveðnu svæði (stýring). Hægt er að auka erfiðleikastigið og áreitið með því t.d. að kastararnir væru með sinn hund á svæðinu. Hægt væri að auka áreiti með fleira starfsfólki ef þörf er á.

Stýring með og án truflunar: Í byrjendaflokki er hægt að biðja stjórnanda að leggja út dummy með hundinum, senda hundinn síðan í það og skila í hendi.

Í opnum flokki er dummy lagt út, í samræmi við prófsvæðið, erfiðleika og umhverfið getur skytta verið staðsett nálægt stýringar dummy eða við stjórnanda til að gefa stefnu.

Í úrvalsflokki er hægt að kasta einfaldri markeringu með skoti til truflunar. Senda síðan hundinn í útlagt stýringardummy. Það ræðst af tíma hvort senda á hundinn í markeringuna eða láta hjálparamann sækja hana.

Vatnavinna: Það er ekki krafa í WT að hafa vatnavinnu, engu að síður æskilegt ef aðstæður leyfa. Hafið í huga við skipulagningu að vatnavinna tekur tíma, taka þarf tillit til þess við uppsetningu.

Hælvinnna: hún á að vera eðlilegur hluti af einum eða fleiri póstum. Að lágmarki skal hundur prófaður samtals á 30 metrum.

Ró á pósti: Skal vera hluti af einum eða fleiri póstum, að öðrum kosti vera sjálfstæður hluti af prófinu, t.d. með áreiti á pósti.

Merkingar: Það getur verið gott að nota einfaldar merkingar, farið varlega í að nota merkingar eins og borða eða stangir. Höfum í huga að æfingarnar séu sem líkastar raunveruleikanum, hafa bak við eyrað aðstæður sem gætu komið upp á veiðum, þar eru ekki neinar merkingar að trufla.

Verðlaunaveiting, stigaútreikningur. Hægt er að fá excel forit til að taka saman skor.

Allir þátttakendur skila skorkorti til ritara prófsins að loknum öllum póstum. Síðan er farið yfir kortið og dómarakortin.

Önnur mál:

Prófstjóri skrifar unndir allar viðurkenningar, eina sem dómari þarf að skrifa unndir er 1. Sæti í úrvalsflokki þar sem það gildir til meistarstigs, þar skal tekið fram hvert heildarskor sé og hlutfall á þessu prófi.